

Ávarp formanns verkefnisstjórnar í íslensku
við afhendingu *Íslenskrar tungu* í Alþingishúsinu
25. nóvember 2005

Forseti Alþingis,
forsætisráðherra,
utanríkisráðherra,
góðir gestir.

Við Ásta Svavarsdóttir og Þórunn Blöndal tókum sæti í verkefnisstjórn í íslensku 17. júní 1995 og hófum þegar að gera áætlanir um samningu rita. Þar byrjuðum við þó ekki alveg á byrjuninni, því að veturinn áður hafði stjórn Lýðveldissjóðs falið sérstökum undirbúningshópi að koma með hugmyndir að verkefnum á þessu sviði. Í þessum undirbúningshóp sátum við Þórunn og Steingrímur Þórðarson, kennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hópurinn setti fram ákveðnar hugmyndir sem stjórn Lýðveldissjóðs féllst á. Þessar hugmyndir voru einnig bornar undir stjórn Samtaka móðurmálskennara sem tók þeim vel. Verkefnisstjórninni var því falið að vinna út frá þeim þótt hún hefði fulla heimild til að útfæra þær eftir sínu höfði.

Í ályktun Alþingis var gert ráð fyrir víðtækri samvinnu um þau verkefni sem unnið yrði að til eflingar íslenskrar tungu. Í upphafi starfs síns setti verkefnisstjórn á fót sérstaka 12 manna baknefnd sér til ráðuneytis, einkum skipaða kennurum á ýmsum skólastigum. Nefndin kom fimm sinnum saman meðan á skipulagningu verksins stóð, á árunum 1995-97. Á fundum hennar fóru fram mjög gagnlegar umræður og verkefnisstjórnin fékk þar viðbrögð við hugmyndum sínum og áætlunum.

Haustið 1995 lágu fyrir tillögur verkefnisstjórnar um þau verk sem hún hugðist láta semja. Þar var m.a. gerð áætlun um samningu þriggja viðamikilla yfirlitsrita sem nú liggja loks fyrir og bera sameiginlega titilinn *Íslensk tunga*. Þær eru:

- Hljóð – Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði; ritstjóri og aðalhöfundur Kristján Árnason, prófessor
- Orð – Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði; ritstjóri og höfundur Guðrún Kvaran, prófessor
- Setningar – Handbók um setningafræði; ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson, prófessor

Í upphafi starfstíma síns samdi verkefnisstjórnin ítarlega ritstjórnarstefnu fyrir handbækurnar sem ritstjórum og höfundum var ætlað að hafa að leiðarljósi. Í henni er fjallað um markmið bókanna og markhóp, og einnig um framsetningu, efnisskipan og efnistöð. Þar segir í upphafi: „Markmiðið með samningu handbókanna er að bæta úr brýnni þörf á ítarlegu yfirliti um íslenskt mál og málfræði. Verkunum er ætlað að draga upp heildstæða mynd af fræðigreininni í fortíð og nútíð auk þess sem kynntir verða nýir straumar innan fræðigreinarinnar og helstu viðfangsefnum málfræðinga undanfarin ár gerð nokkur skil.“

Framsetning rita af þessu tagi skiptir vitaskuld miklu máli. Í ritstjórnarstefnu lagði verkefnisstjórnin áherslu á að málfar og málsnið væri vandað, en tiltölulega óformlegt, stíllinn eins einfaldur og skýr og kostur væri og notkun hugtaka og fræðiorða sniðin að þörfum þeirra sem bækurnar eru einkum ætlaðar. Meginhugmyndin var sú að framsetning og hugtakanotkun miðist við lesendur sem hafa góða almenna undirstöðumenntun, en ekki sérþekkingu í málfræði, og eru tilbúnir til að leggja nokkuð á sig til skilnings, eins og segir í ritstjórnarstefnu. Það er því að nokkru leyti markmið að lesendur kynnist hugtökum og fræðiorðum og þá jafnframt eðlilegt að kröfurnar aukist eftir því sem dýpra er farið í hvert viðfangsefni. Það var samt sem áður ekki ætlunin að bækurnar þrjár væru nákvæmlega hliðstæðar eða steypar í sama mót. Bæði er efnið ólíkt og krefst mismunandi efnistaka, og eins eru ritstjórar og höfundar ólíkir. Þeir hafa því útfært hina almennu lýsingu verkefnisstjórnar á mismunandi hátt, eins og eðlilegt er.

Við samningu bókanna þurfti einnig að hafa í huga að þær eiga að geta nýst á tvo vegu, og stundum getur verið snúið að samræma það. Annars vegar eiga þetta að vera yfirlitsrit sem hægt er að lesa í samfellu. Því þurfti meginmálið að vera nokkuð heildstæður texti þar sem skilgreiningar hugtaka og fræðiorða koma sem eðlilegur hluti textans. Hins vegar þarf að vera hægt að nota bækurnar sem handbækur og fletta upp einstökum atriðum, hugtökum og skilgreiningum. Því þurfti að brjóta textann vel upp í undirkafla, hafa vísanir og efnisorð úti á spássíum, markvissar atriðisorðaskrár o.s.frv.

Handbækurnar eiga vonandi eftir að gagnast sem flestum. Þó var einkum við það miðað að þær nýttust kennurum í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum, en einnig er vonast til að þær geti nýst framhaldsskólanemum og þá einkum á síðari árum, t.d. í séráföngum á málbrautum. Þær ættu líka að koma að sérlega góðu gagni fyrir háskólanema á ýmsum sviðum; kennaranema, nemendur í íslensku, málvísindum og erlendum tungumálum. Þá ættu þær að nýstast kennslubókahöfundum, fjölmiðlafólki og öðrum sem hafa áhuga á íslensku máli.

Það er mikið fagnaðarefni að nú skuli lokið þessu verki sem hefur hvílt á verkefnisstjórn og ritstjórum í heilan áratug – stundum nokkuð þungt. Við verkalok þakkar verkefnisstjórnin ritstjórum og öðrum höfundum handbókanna þriggja fyrir samstarfið og brautryðjendastarf þeirra við samningu verkanna. Þá þakkar verkefnisstjórnin stjórn Lýðveldissjóðs fyrir gott samstarf á starfstíma stjórnarinnar og það traust sem hún sýndi verkefnisstjórninni; og ekki síst þökkum við Helga Bernódussyni, ritara stjórnar Lýðveldissjóðs, fyrir mikið og ánægjulegt samstarf, stuðning og áhuga á verkunum.

Frá því að Edda tók að sér útgáfu verksins sumarið 2003 hefur Margrét Guðmundsdóttir haft veg og vanda af ritstjórn og yfirlestri bókanna af hálfu forlagsins og vill verkefnisstjórnin þakka henni fyrir einstaklega vel unnið verk og gott samstarf. Einnig þakkar verkefnisstjórnin Sigurði Svavarssyni útgáfustjóra fyrir áhuga á verkinu, sem og öðrum forráðamönnum Eddu og starfsfólki forlagsins sem hefur átt hlut að útgáfunni.